


ÓLAFUR ELÍASSON
mars—apríl 1998



KJARVALSSTAÐIR
LISTASAFN REYKJAVÍKUR
THE REYKJAVÍK ART MUSEUM





Ólafur Eliasson er einn af þeim ungu listamönnum, sem komið hefur komið fram á síðustu árum og mikils má vænta af.

Ólafur er af íslensku bergi brotinn, en fæddur og að mestu alinn upp í Danmörku, og þar stundaði hann sitt listnám. Engu að síður hefur Ólafur heillast af landi foreldra sinna, Íslandi, enda komið oft hingað undanfarin ár til að kynna landi og þjóð.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Ólafur komið víða við í list sinni og tekið þátt í samsýningum víða um lönd, auk þess sem hann hefur haldið einkasýningar bæði vestan hafs og austan. Verk hans hafa vakið verðskuldaða athygli, og leitt til þess að Ólafur mun sinna fjölda verkefna í ýmsum heimsálfum á næstunni.

Þetta er í fyrsta sinn sem haldin er einkasýning á verkum hans hér á landi, og er okkur mikill heiður að því að fá að kynna þennan unga listamann með þessum hætti fyrir listunnendum. Er ekki að efa að verk hans eiga eftir að gleðja okkur og vekja til umhugsunar um mörg ókomin ár.

Guðrún Jónsdóttir,
formaður menningarmálanefndar Reykjavíkur

Hér er flest óvenjulegt. Nafnið er íslenskt, sem og allt ætterni; en Ólafur Eliasson er fæddur í Danmörku, bjó þar ill sin æskuár og stundaði þar sitt listnám. Hann býr í Berlin í Þýskalandi, en sinnir störfum og verkefnum um allan heim.

Ólafur er ekki síður óvenjulegur meðal íslenskra listamanna vegna ferilsins. Hann hefur haldið á annan tug einkasýninga austan hafs og vestan á síðustu árum og tekið þátt í fjölda samsýninga. Loks hefur list hans vakið ómælda athygli þekktra listmarita. Þrátt fyrir þetta er hann nær óþekktur hér á landi – hefur aðeins einu sinni átt verk á samsýningu í Reykjavík (á sýningunni „Íslensk náttúrusýn“ á Kjarvalsstöðum árið 1996). Hér koma verk hans því í fyrsta sinn fyrir augu íslenskra listunnenda á einkasýningu.

Þrátt fyrir þennan alþjóðlega bakgrunn hefur Ólafur sótt mikið til Íslands og fundið hér kveikjur að mörgum þeim viðfangsefnum, sem hann hefur sýnt fullgerð erlendis. Einhvers konar norræn eða jafnvel íslensk vitund virðist ómeðvitað gegnsýra þá myndsyn, sem birtist í verkum hans. Landið, náttúran, folkið, veðrið og öbygðirnar hafa heillað og orðið til að skerpa hugsunina um ýmsa þá möguleika, sem koma fram í þeim verkum sem Ólafur hefur sýnt hverju sinni.

Hér hefur stundum verið um að ræða beinar tilvisanir til óræðra hluta sem koma fram í ljósmyndaverkum um ákveðin fyrirbæri eins og „Brúaseriunni“ (1994) og „Leitað að heitu vatni í landi Gunnars“ (1995). Yfir þeim hvílir þó ætíð einhver dulúð, sem helst má kenna við rómantíska trú á gildi þess að umgangast náttúruna með þeirri virðingu sem henni ber.

Í öðrum tilvikum hefur ekki verið um beina yfirfærslu að ræða heldur úrvinnslu áhrifa umhverfisins á listamanninn, sem síðan koma fram í tilvisunum verka hans til ljöss, skugga, áferðar, veðurfars, hita, kulda – allra þeirra ólíku þátta skynjunar, sem móta viðhorf hans.

Fyrirbæri náttúrunnar eru þannig færð yfir í annarlegt umhverfi, þar sem áhrif þeirra verða enn sterkari en ella – sem leiða til þeirra fjölbreyttu tilfinninga, sem umhverfið vekur með okkur öllum. Þessi undarlega þversögn um kunnuglega hluti sem eru slitnir úr sinu eðlilega samhengi er öðru fremur lykkillinn að þeim hughrifum angurværðar og jafnvel einmanaleika, sem kvikna með áhorfandanum í návist verka Ólafs.

Á sýningunni er að finna fjögur verk, sem hvert um sig fangar athyglina óskipta. Fjölbreytin er næg; verkin eru innandyrá, utandyra og í bókarformi – allt eftir því sem listamanninum þykir hæfa viðfangsefninu. Í þeim vinnur Ólafur með ólík skynfæri og fjölbreytt fyrirbæri náttúrunnar; sjón, snertiskyn, vatn, birtu, speglun, jörðina, skóg, hraun, opin svæði og mannvirki. Í hverju tilviki verður áhorfandinn að meta viðbrögð sín út frá kunnuglegum þáttum í óvæntu umhverfi. Sjónarhorn þrengjast og vikka í senn, vatnið birtist í ýmsum myndum – og viljum við ganga á grasinu?

Persónuleg sköpun er aðalsmerki áhugaverðrar listar á öllum tímum. Markviss endursköpun sem og nýsköpun í umhverfinu er ein sterkasta leiðin sem listamenn hafa fundið til að fá okkur til að staldra við, lita upp og vega og meta þá tilveru sem við hrærumst í. Ólafur Eliasson starfar á þeirri leið.

Eiríkur Þorláksson,
forstöðumaður Kjarvalsstaða

Ólafur Eliasson

f. 1967 í Kaupmannahöfn.

Menntun:

Konunglega Listakademian, Kaupmannahöfn, 1989-95

Helstu einkasýningar:

1997 'Your Summachine', Marc Foxx, Los Angeles, Bandaríkjunum.

'The Curious Garden', Kunsthalle Basel, Sviss.

1996 Malmö Kunstmuseum, Malmö, Svíþjóð.

'Your Foresight Endured', Emi Fontana Galerie, Milanó, Ítalíu.

'Your Strange Certainty Still Kept', Tanya Bonakdar Gallery,

New York, Bandaríkjunum.

'Tell me About a Miraculous Invention', Galleri Andreas

Brandström, Stokkhólmi, Svíþjóð.

1995 'Eine Beschreibung einer Reflexion, oder aber eine Übung zu deren

Eigenschaften', neugerriemschneider, Berlin, Þýskalandi.

Künstlerhaus, Stuttgart, Þýskalandi.

'Thaka', Hamburger Kunstverein, Hamborg, Þýskalandi.

Tommy Lund Galleri, Odense, Danmörku.

1994 Stalke Out of Space, Kaupmannahöfn, Danmörku.

'Einige erinnern sich, das sie auf dem Weg waren diese Nacht',

Lukas & Hoffmann, Köln, Þýskalandi.

Forumgalleriet, Malmö, Svíþjóð.

Helstu samsýningar:

1997 'Heaven', P.S.1, New York, Bandaríkjunum.

'été 97', Centre Genevois de Gravure Contemporaine, Genf, Sviss.

'Kunstpreis der Botcherstrasse in Bremen', Bonner Kunstverein,

Bonn, Þýskalandi.

'Trade Routes', 2nd Johannesburg Biennale, Jóhannesarborg,

Suður-Afríku.

'On Life, Beauty, Translations and Other Difficulties', 5th

International Istanbul Biennial, Istanbul, Tyrklandi.

'Ny Kunst fra Danmark og Skåne', Louisiana Museum, Humlebæk,

Danmörku.

'Alikeness', Centre for Contemporary Photography, Fitzroy, Ástralíu.

Lieux sur l'esker, Quebec, Kanada.

'Truce: Echoes of Art in an Age of Endless Conclusions', Site, Santa

Fe, Bandaríkjunum.

'Studija Islandija', Vilnius Center of Contemporary Art, Vilnius, Litháen.

'Zur Museumquartier', Kunsthalle Wien, Austurríki.

1996 'Íslensk náttúrusýn', Kjarvalsstöðum, Reykjavík.

Manifesta 1, Rotterdam, Hollandi.

'Remote Connections', Neue Galerie Graz, Austurríki; Väino

Aaltonen Museum, Turku, Finnlandi; Art Focus, Jerúsalem, Ísrael.

'Nach Weimar', Kunstsammlungen zu Weimar, Weimar, Þýskalandi.

'Glow' 1996', Schirn Kunsthalle, Frankfurt am Main, Þýskalandi.

'Project', New Langton Arts, San Francisco, Bandaríkjunum.

'Legende', Roskilde Museum for Contemporary Art, Roskilde,

Danmörku.

1995 'Landschaft', Mittelrheinmuseum Koblenz, Haus am Wldsee, Berlin,

Þýskalandi.

'Campo 95', Feneyjum, Ítalíu.

'Kunst & Ökologie', Kunstverein Schloss Plön, Þýskalandi.

1994 'Europa', München, Þýskalandi.

1993 '1700 CET', Stalke Out of Space, Kaupmannahöfn, Danmörku.

'Black Box', Globe, Kaupmannahöfn, Danmörku.

1992 'Lightworks', Demonstrationslökalet for Kunst, Kaupmannahöfn,

Danmörku.

'Paradise Europe', Billboard-project, Kaupmannahöfn, Danmörku.

1991 Stalke Out of Space, Kaupmannahöfn, Danmörku.

Sérstök verkefni:

1997 'Your Windy Corner', Galleri Andreas Brandström, Stokkhólmi, Svíþjóð.

'Erosion', Water-project, 2nd Johannesburg Biennale,

Jóhannesarborg, Suður-Afríku.

'The Very Large Curve', Chalkline drawing, Amos, Kanada.

1996 '8900054', The Mukkepark Project, Hvidovre, Danmörku.

1994 'Beauty', Lukas & Hoffmann, Köln, Þýskalandi.

1992 'Expectations', Light-project, Kaupmannahöfn, Danmörku.

1990 '31 Days of News', Krasnapolsky Cafe, Kaupmannahöfn Danmörku.